
Grunnskólinn á Þingeyri



Árskýrsla 2018-19

Ábyrgð-virðing-samheldni-GLEÐI



Erna Höskuldsdóttir
2019-06-25

Efnisyfirlit

Formáli	2
Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	4
Helstu markmið ársins.....	10
Foreldrasamstarf / samvinna heimilis og skóla.....	12
Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins	14
Niðurstöður um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins	16
Fjöldi nemenda og bekkjardeilda	18
Forföll nemenda	18
Forföll kennara	18
Kennslustundamagn.....	19
Niðurstöður samræmdra prófa	19
Upplýsingar um keypta þjónustu	20
Upplýsingar um sjálfsmat.....	20
Gæðagreinar.....	20
Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2018-2019.....	21
Gæðagreinar	23
Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir	25
Upplýsingar um stórar fjárfestingar	26
Fjárhagsáætlun.....	26

Formáli

Grunnskólinn á Þingeyri hefur verið starfræktur frá 1897. Nú til dags er gefin út ársskýrsla um skólastarfið. Skýrslunni er dreift til fræðslustjóra, fræðslunefndar og kynnt í skólaráði að hausti. Skýrslan birtist einnig á heimasíðu G.Þ. www.grthing.isafjordur.is. Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskólanum á Þingeyri, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Skýrslan mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í starfið og gera hana líflegri. Að gerð skýrslunnar koma skólastjóri og staðgengill.

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf Grunnskólans á Þingeyri skólaárið 2018 – 2019. Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að ná starfsmarkmiðum. Einnig má finna ýtarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni. Í skýrslunni er farið yfir starfsmannamál þ.e. stöðugildi. Niðurstöður samræmdra prófa er ekki hægt að birta vegna fámennis, þær komu ágætlega út í öllum greinum sérstaklega hjá nemendum í 9. bekk. Ekki er fjallað um fjármál skólans í skýrslunni þar sem allar upplýsingar um þau er hægt að nálgast í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar en lokastaða er birt aftast í skýrslunni þ.e. hreyfing, áætlun og staða við áramót.

Ríkar hefðir móta skólastarfið í Grunnskólanum á Þingeyri og skapa skólanum sérstöðu. Margar hefðanna eru áratuga gamlar og aðrar nýjar hafa fest sig í sessi á síðustu árum og skapa festu og öryggi í síbreytilegu skólastarfi. Faglegt starf er stór þáttur í skólastarfinu. Í vetur hófst „ný“ vinna að innra mati skólastarfs, þar sem við spyrjum spurninga um hversu góður skólinn okkar er. Við notum Gæðagreina til þess og auk þess var unnið að aðlögun námsmarkmiða í námsgreinum að nýrri Aðalnámskrá. Áfram var unnið að þróunarverkefninu Byrjendalæsi og unnið var frekar að Uppeldi til ábyrgðar í öllum námshópum. Einnig var unnið að læsisstefnu Ísafjarðarbæjar þar sem nemendur lásu meira og þreyttu lestrarátök yfir árið. Í lok mars var gert ytra mat á skólanum á vegum Menntamálastofnunar. Heilt yfir eru styrkleikar skólans þeir að þar vinna fagmenn, samskipti einkennast af jákvæðni og gagnkvæmu trausti. Tækifæri til umbóta koma fram í umbótaáætlun sem verður gerð í samvinnu við starfsfólk, nemendur og foreldra í haust. Flestum þessum verkefnum eru gerð skil í skýrslunni.

Grunnskólinn á Þingeyri er einn fjögurra grunnskóla í Ísafjarðabæ. Skólastarf hófst á Þingeyri árið 1897. Fyrsta skólahúsið var reist 1896, Wendelshús, byggt af Hermanní Wendel kaupmanni. Árið eftir hófst síðan reglulegt skólahald í húsinu. Í upphafi voru það foreldrar barna á Þingeyri sem stóðu fyrir skólahaldinu. Skólinn verður 122 ára í haust.

Á nýliðnu skólaári komu 35 nemendur að skólastarfinu og telst skólinn til fámennra skóla. Þrír nýir nemendur hófu nám í 3. bekk, 7. bekk og 8. bekk í mars. Íbúafjöldi á Þingeyri er 253 samkvæmt heimildum Hagstofu (sótt á hagstofa.is).

Hornsteinar skólastarfsins eru : **Ábyrgð - virðing- samheldni- gleði**

Hornsteinarnir vísa til þess :

- Að nemendum líði vel og séu ánægðir í eigin skinni og vinnu.
- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og sýni öðrum skilning.
- Að ábyrgð/metnaður vísi til þeirrar sómatilfinningar sem að allir sem að skólastarfinu koma ættu að finna fyrir.
- Að nemendur finni fyrir þeirri tilfinningu að tilheyra hóp og skipta máli.

Erna Höskuldsdóttir
Skólastjóri

Skýrsla um skólahald

Áherslur í skólastafi voru með svipuðum hætti og sl. ár. Starfsemin gekk að mestu leyti eftir því sem lagt var upp með að hausti. Helstu þættir sem kennarar þurfa að laga sig að er vinna við að skipuleggja lotur og meta í Mentor. Flestir eru að komast upp á lag með að skipuleggja námið á þann hátt sem nýtt námsmat krefst. Samkvæmt aðalnámskrá á að meta hæfni og framfarir nemenda reglulega og það er órjúfanlegur þáttur í námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfi á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Skólinn notar kerfi frá Infomentor sem er í sífelldri þróun með það að markmiði að auðvelda kennurum vinnu við skráningar og einkunnagiðf. Breytingar á námsmati eru komnar á lokastig, það sem vantar upp á er að tengja námslotur og hæfniviðmið í mentor. Eins og sl. ár verður unnið að þessum þáttum áfram m.a. með því að sækja námskeið og með skipulögðum samráðs,-og vinnufundum kennara.

Hægt er að nálgast helstu upplýsingar um skólann og starfið á heimasíðu skólans www.grthing.isafjordur.is, þar eru birtar helstu fréttir og upplýsingar um skólastarfið. Skólinn er einnig með Facebook síðu þar sem öllum fréttum á heimasíðu er deilt. Stefnt er að því að halda því áfram þar sem flettingar á heimasíðu eru mun fleiri og almenn ánægja virðist vera með þá upplýsingaveitu. Facebook síða skólans er meira hugsuð fyrir tilkynningar og ekki má birta neinar myndir þar eða geyma samkvæmt persónuverndarlögum.

Foreldrafélagið kom að skólastarfinu með sama hætti og undanfarin ár, jólaföndrið var á sínum stað og foreldrafélagið sá um að grilla á vordaginn hamborgara með tilheyrandi.

Aðalmarkmið skólaársins var að halda áfram að bæta námsárangur (sameiginlegt átak skóla í Ísafjarðarbæ „Stillum saman strengi“) og viðhalda jákvæðum skólabrag samhliða því að auka samstarf heimilis og skóla. Huga þurfti að stærðfræðikennslu í kjarna þar sem innlagnir voru markvissari. Auka stuðningur var við nemendur á miðstigi í stærðfræði m.a. með því að tveir stærðfræðikennarar voru saman í kennslu ásamt því að flæða á milli stiga í opnum kennslurýmum þar sem þurfa þurfti. Stærðfræðiátök voru 2 sem fólu í sér að nemendur þjálfuðu atriði heima og í skóla líkt og í lestri á fyrirfram ákveðnum tímabilum. Það voru fleiri átök í stærðfræði heldur en síðasta ári. Læsisstefna bæjarins var gefin út á síðasta skólaári og voru 3 skipulögð lestrarátök hjá öllum nemendum skólans á árinu. Þjálfun þeirra sem þurfa meiri stuðning var sett meira á oddinn ásamt því að þeir sem hafa náð góðri færni fengu verkfæri til að halda áfram og setja sér metnaðarfull markmið.

Stefnt var að því að hreyfistundir yrðu 5 daga vikunnar, þ.e. að skipulag fyrir sund og íþróttir raðaðist á 3 daga í stað tveggja áður. Tómsund var tvisvar í viku. Tómsund er verkefni í þróun sem á að stuðla að aukinni hreyfingu og auka möguleika nemenda til að sinna tómsund á skólatíma í samvinnu við Hjólakraft og Íþróttafélagið Höfrung. Innleiðing tókst mjög vel. Þegar nemendur voru í tómsund voru kennarar í samráði. Skólastjóri og skólaliði sinntu tómsund 2 sinnum í viku og 1 valgreinakennari var með okkur 1 sinni í viku. Skólastjóri setti kennurum fyrir að vera í samráði þegar nemendur voru í tómsund. Með samráði fyrir hádegi gefst kennurum tími til að undirbúa og skipuleggja þætti í skólastarfinu í teymi hvort sem það eru viðburðir eða stuðningur í námi og kennslu. Með þessu er nægilegur undirbúningur í vinnuramma og tengist Bókun 1 (umbótaáætlun um vinnuumhverfi kennara sem unnin var í samstarfi við þá, sveitafélagið og K.Í.). Þessi vinna og fyrirkomulag hefur haldist síðan skólaárið 2017-18.

Markmiðið var að hrista upp í viðmiðum og gildum uppbyggingarstefnunnar samkvæmt starfsáætlun. Starfsfólk og nemendur áttu að vinna með þarfir sínar og jákvæða uppbyggingu til að verða betri útgáfur af sjálfum sér. Starfsfólk sótti námskeið í ágúst. Settu sig í samband við fyrirlesara og ræddu um samstarf við G.Í. næsta vetur. Öll stig gerðu bekkjarsáttmála í haust og haldnir voru bekkjarfundir. Vinnan þarf að vera sýnilegri í skólanum og skipuleggja þarf námsvísi fyrir öll stig. Góð gildi hjálpa til við að láta okkur líða vel og finna hvernig manneskjur við viljum vera. Dreymum um meiri samvinnu við foreldra í þessum efnum. Dæmi um vinnu í uppbyggunni á miðstigi (unnið af Sonju Thompson, umsjónarkennara á miðstigi: Unnið að bekkjarsáttmála – umræður um hvernig einstaklingar við viljum vera, hlutverkin okkar og þá sérstaklega það sem er ekki okkar hlutverk.

Bekkjarsáttmálinn hljómaði svona:

Meiriháttar miðstig ætlar að bera virðingu fyrir hverju öðru, starfsfólki skólans og gestum. Við ætlum að vera jákvæð og dugleg við vinnu okkar og vinna saman. Við berum sjálf ábyrgð á hegðun okkar.

Í ár var lagt áherslu á að byggja upp sjálfstraust nemenda og mynda einn hóp. Eitt verkefni var að koma með mottó sem átti við okkur öll:

- Við erum öll sérstök og góð.
- Við getum meira þegar við vinnum saman.
- Við erum sjálfstæð.
- Þú ert skemmtilegur.
- Við erum meistara. Jörðin væri ekki án okkar. Við erum best og við erum snillingar.
- Við erum öll frábær.
- Þú ert falleg/ur og góð/ur.
- Við erum vinir.
- Við erum öll vinir.
- Þú ert best/ur í öllum heiminum sama hvað þú heldur.
- Við erum sterkari þegar við stöndum saman.

- Framkvæmd var tengsla könnun tvisvar yfir skólaárið.

Bekkjarmyndir voru haldnar en reyndist ekki eins mikil þörf fyrir fundahöld á þessu skólaári. Bekkjarmyndin var mjög góður. Það var bekkjarmynd einu sinni á árinu þar sem við poppuðum, poppið safnaðist saman í stærðfræði átaki og horft var á bíómynd.

Skólinn var settur 23. ágúst „á sal“ og nemendur mættu í viðtöl hvert og eitt með foreldrum sínum sama dag. Vegna veðurs var ekki farið í skipulagðar göngur að hausti, miðstig fór reyndar að vori upp á Sandafell og elsta stig fór í göngu í Haukadal á söguslóðir Gísla Súrssonar. Gönguvikan er orðin hefð og hefur sá liður verið fastur í skóladagatali skólans í um 19 ár. Gengið er til skiptist á dali og fjöll. Ganga átti á fjöll á þessu ári. Fyrirhugað var að yngsta stig gengi upp að Öxl við rætur Sandafells (beint upp af spennistöðinni fyrir innan þorpið). Miðstig ætlaði upp á Mýrarfell og elsta stig upp í Hólahvilft. Foreldrum er alltaf boðið að vera með í þessum göngum. Gönguvikan og skólahlaupið fléttast inn í Göngum í skólann átakið og stefna námshóparnir að því að vinna „gullskóinn“ sem nemendur á miðstigi hlutu að þessu sinni. Skólahlaupið eða Ólympíuhlaupið eins og það er nefnt í dag var 14. september. Margir höfðu sett sér markmið sem þeir stóðust og allir stefndu á að gera sitt besta. Elstu börnin á leikskólanum hlupu „litla víkingasvæðishringinn“, yngsta stig fór 2,5 km og þeir sem treystu sér til fóru 5 km. Nemendur á mið-, og elsta stigi fóru 5 -10 km. Á síðasta skólaári (2017) voru hlaupnir yfir 117,5 km. Á þessu skólaári hlupu þessir flottu krakkar 183,5 km.



Nemendur á miðstigi hlutu "Gull skóinn 2018" og fá að hafa hann inn í sinni heimastofu í vetur. Nemendur sýndu mikla samvinnu og hvöttu hvert annað til að ganga. Elsta-, og yngsta stig voru jöfn og munaði einungis 0,27 á meðaltalstölum núna í lokin.

Upphaf skólaársins einkenndist af fjölda viðburða eins og oftast. Í vetur var dansnámskeið í öllum hópum sem endaði á danssýningu. Eva Friðþjófsdóttir kom og kenndi 10 kennslustundir í öllum hópum einu sinni í viku á tímabilinu 5. sept.-14. nóv. Danskur farkennari var hjá okkur í 2-3 vikur ásamt því að nemendur á elsta stigi fóru í sjósund í vali. Litla íþróttahátíðin var haldin 5. október á Suðureyri fyrir 1.-7. bekk. Markmið hátíðarinnar er

að minna á mikilvægi hreyfingar og hittast og kynnast. Þátttakendur hátíðarinnar eru litlu skólarnir á norðanverðum Vestfjörðum. Nemendum var blandað saman í hópa. Það var líf og fjör á Suðureyri þennan dag og þökkum við G.S. kærlega fyrir okkur.

Yngstu nemendunum var boðið á leiksýningu ásamt elstu börnunum á leikskólanum. Nemendur á elsta stigi fóru á íþróttahátíðina í Bolungarvík, við tókum þátt í að minna á bleiku slaufuna og klæddumst bleiku einn dag og lásam bleikar bækur í október. Elstu nemendurnir fengu fyrirlestur frá Siggú Dögg kynfræðingi á Flateyri og lögreglan kom í heimsókn og hitti alla hópa. Elsta stigið fór yfir á Flateyri þar sem elstu stig skólanna á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri hlýddu á þá félagu Kjartan Yngva og Snæbjörn segja frá bókaflokknum Þriggja heima sögu, en þar hafa þeir skapað furðuheim skáldsagna sem byggja á gömlum hugmyndum, m.a. úr Norrænni goðafræði. - Þetta er liðurinn "Skáld í skólum" sem er verkefni á landsvísu. Ekki annað hægt að segja en að október hafi verið viðburðarríkur.

8. nóvember skrifuðu nemendur og starfsfólk skólans undir skólasáttmála gegn einelti, sem er orðinn árviss viðburður. Nemendur og starfsfólk hittust "á sal" í tilefni dagsins. Við sungum saman lagið Undir regnbogann, eftir Ingó en texti lagsins fjallar um að við getum sigrað heiminn og látið drauma okkar ræstast þrátt fyrir að lífið sé stundum grámyglað og erfitt. Fjallað var um leiðir til að fyrirbyggja einelti, ábyrgð okkar og rétt okkar til að fá að vera eins og við erum í friði fyrir öðrum. Það eiga allir rétt á því að líða vel í skólanum. Við töluðum um góðverk og skrifuðum svo undir áður nefndan skólasáttmála 2018-19 gegn einelti. Við ætlum að leggja áherslu á að sýna góðvild, umhyggju, virðingu og hugrekki. Við ætlum líka að spá í það hver stjórnar okkar hegðun og hvernig við viljum að aðrir muni eftir okkur. Í tilefni dagsins fengu allir foreldrar senda áætlun gegn einelti í tölvupósti.

Þemadagar voru 14., 15. og 16. nóvember þar sem unnið var að ákveðnu þema í skólanum og var afraksturinn til sýnis á lokadeginum, þann 16. nóvember sem jafnframt er "dagur íslenskrar tungu". Þemað þetta árið var: Heimurinn okkar-áhugasverðir staðir“. Formlegur undirbúningur fyrir "Stóru upplestrarkeppnina" sem er ár hvert í 7. bekk hófst ásamt fyrsta lestrarátaki vetrarins - en við erum jú alltaf að þjálfa lestur alla daga, bæði í skólanum og heima og við þreytumst aldrei á að segja: "Lestur er lykillinn".

Jólafondur Foreldrafélags G.Þ. var á sínum stað í upphafi desembermánaðar ásamt því að halda „Rauða daginn“. Áhugasviðs verkefni nemenda voru til sýnis á Rauða deginum og töframaður kom í heimsókn ásamt því að skólinn okkar fylltist af góðum gestum. Daginn fyrir Rauða daginn skelltu allir sér í Tarzan leik í íþróttahúsinu, yngri og eldri nemendur saman. Á aðventunni sungum við saman einu sinni í viku „á sal“ og kveiktum á aðventukransinum okkar. Stærðfræðiátaki á öllum stigum lauk í desember. Litlu jólin voru 19. desember með tilheyrandi notalegheitum og gleði áður en allir fóru í kærkomið jólaleyfi.



Jólafundur foreldrafélagsins og skreytingardagur G.P. des. 2018



Við fórum í 3 lestrarátök á árinu þar sem lesið var meira heima og í skólanum. Niðurstöður átakanna eru að meiri ánægja og árangur af lestri mælist hjá nemendum sbr. Skólapúlsniðurstöður. Þorrablót G.P. var haldið 25. janúar, þar skemmtu nemendur og starfsfólk sér saman. Nemendaráð skólans sá um skipulag og lagði metnað í skemmtiatriði. Við tókum þátt í Stóru upplestrarkeppninni í mars. Að þessu sinni var undankeppnin haldin hér í G.P. Sundnámskeið fyrir 5 ára nemendur var haldið í febrúar (Brúum bilið), elsta stig fór í heimsókn á leikskólann til að lesa fyrir börnin á leikskólanum. Í mars slógum við köttinn úr tunnuni, það var Hjólavika á Þingeyri og tókum við þátt með skipulögðum hjóladegi í skólanum. Nemendur hjóluðu saman og þreyttu hjólapraut ásamt því að þeim bauðst yfirferð á hjólunum sínum ásamt stillingu á gírnum og fl.



Frá öskudegi og hjóladegi í mars 2019

Nemendur í 9. bekk sóttu list,- og verkgreinasýninguna „Mín framtíð“ með G.Ö og G.S. Ferðin var líka nýtt sem menningarferð. Við klæddumst bláu í apríl og lærðum um einhverfu. Við frestuðum Árshátíð skólans til 11. apríl þar sem Skólahreystikeppni var á fyrirhuguðum árshátíðartíma. Keppendur í skólahreysti lentu í 3. sæti í Vestfjarðariðlinum. Á árshátíðinni settu nemendur upp leiksýningu um ævintýra strákinn Pétur Pan. Edda Björk Magnúsdóttir leikstýrði verkinu. Leikskólabörninn sungu um vináttu á fyrri sýningunni.



Í mars þreyttu nemendur í 9. bekk samræmdu könnunarprófin og stóðu sig með sóma. Nemendur fengu morgunmat fyrir prófin „að hætti“ skólastjóra og voru nemendur alsælir með það. Fyrir páskafrí spiluðum við páskabingó „á sal“, þar sem nemendaráð og kennarar unnu saman að undirbúningi. Bingó er góð æfing í að læra að samgleðjast öðrum, hlusta vel og taka tillit.

Í byrjun maí fórum við m.a. í vörgöngu með leikskólanum og sungum fyrir fólkið á Tjörn. Elsta stig fór í kajakferð í vali. Grænidagurinn var nýttur til gróðursetningar og tiltektar á skólalóð. Nemendur og starfsfólk gróðursettu að þessu sinni 201 plöntu í Yrkjureit skólans, sem er fyrir innan þorpið við rætur Sandafells. Veður var gott og grillaðar voru pylsur í hádeginu. Á vordaginn fór hvert námsstig fyrir sig í kynningu um fornleifaruppgröft hér fyrir innan Kjaranstaði. Umsjónarkennarar skipulögðu viðburði með sínum hópum, yngsta stig fór í þrautir á Víkingasvæði og krítuðu listaverk fyrir framan skólann í morgunsólinni, miðstig gekk upp á Sandafell og blés sápukúlur og elsta stig fór í bogfimi á Ísafirði. Í lok dags grillaði foreldra félagið hamburgara á skólalóðinni og við fórum öll saman í skemmtilegasta leikinn okkar „paintball“ á sparkvellingnum með vatnsblöðrum.



Vorganga, mynd tekin við Tjörn 2019



Kajakferð inn í Dýrafjarðarbotni, maí 2019

Skólaslit og skólasýning fóru fram 3. júní við hátíðlega athöfn í kirkjunni. Skólasýningin var á sínum stað og Kvenfélagið Von sá um kaffisölu í Félagsheimilinu. Máltakið „Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“ á gjarnan við á þessum degi í þorpinu okkar og stemningin er hátíðleg.

Helstu markmið ársins

Markmið (úr starfsáætlun):

Skólaárið 2018-2019 var lögð áhersla á hópefli, uppbyggingu og árangur í námi. Mikil áhersla var lögð á bekkjarbrag og vellíðan. Unnið var með nemendum og líðan til að bæta bekkjarbrag og efla sjálfsmynd þannig að hver og einn gæti eftt sitt orðspor og valið sjálfur sína hegðun. Verkfæri frá Vöndu Sigurgeirs. og uppbyggingarstefnan var notuð í verkefni með nemendum. „Gullið“ var ekki gefið út í ár heldur var skráning á heimalestri höfð í stílabókum sem umsjónarkennarar sáu um. Breytingar voru á áformum og nemendur unnu eftir áætlunum sem kennarar útbjuggu og nemendur áformuðu út frá þeim áætlunum í kjarnagreinum. Haldið var áfram að byggja ofan á það sem áunnist hefur.

Unnið var með hæfniviðmið og lykilhæfni við mat og skipulag kennslu. Haldið var áfram að nota fjölbreyta kennsluhætti í skólastarfinu á öllum skólastigum þar sem spjaldtölvur eru m.a. nýttar sem kennslutæki. Horft var til starfa framtíðar og áhersla lögð á sköpun og framsýni. Veruleikinn er tengdur alheimsnetinu og kenna þarf nemendum á að nýta hann til náms og þekkingar. Kennarar spyrja spurninga eins og: Hvað getið þið fundið? Hvernig getum við notað þessar upplýsingar?

Samhliða, í sameiginlegu átaki grunnskóla Ísafjarðarbæjar, „Stillum saman strengi“ var áhersla lögð á stærðfræði ásamt því að viðhalda ánægju og árangri í lestri/íslensku. Ánægja af lestri mældist hátt yfir landsmeðaltali á síðasta skólaári og hélst þetta ár einnig.

1. „Stillum saman strengi“

Stærðfræðistefna

Það gerum við með því að marka okkur stefnu í stærðfræði og hvað leiðum og úrbótum er best að vinna eftir til þess að ná árangri með nemendum í stærðfræði. Áform með hverjum nemanda er unnin vikulega ásamt því að innlagnir í hverjum námshóp verða skipulagðari en áður eftir að við höfum áformsvinnu. Markviss skimun og skráningar á niðurstöðum eru ein af leiðunum ásamt heimaþjálfun. Á öllum stigum verður lögð áhersla á að kveikja áhuga nemenda á stærðfræði t.d. með stærðfræðileikjum og sprettum þar sem áhersla er lögð á þjálfun reikniaðgerða. Stærðfræðisprettir verða skipulagðir yfir veturinn eins og lestarátök.

Læsisstefna

Eins og fram kemur í síðustu sjálfsmatskýrslu nær þriðjungur nemenda almennum,- og metnaðarfullum viðmiðum. Annar þriðjungur nær lágmarks viðmiðum. 1/3 hluti nemenda skólans nær ekki viðmiðum og vinna þarf að því að þjálfa færni þeirra og styðja. Ný læsisstefna Ísafjarðarbæjar er höfð til hliðsjónar við skipulag og þjálfun ásamt byrjendalæsi á yngsta stigi. Markviss skimun og skráningar á niðurstöðum er ein af leiðunum. Lestarátök eru þrisvar sinnum yfir árið. Lesferill, nýtt tæki til að kanna lestrargetu, verður helsta verkfæri okkar og er tengt við mentor þar sem foreldrar og nemendur geta fylgst með framförum. Yndislestur verður á hverjum degi í 15 mín. við upphaf hvers skóladags. Einnig gerum við kröfu á minnst 15 mín. heimalestur. Leggja þarf áherslu á lesskilning og umræður um það sem er verið að lesa. Samvinna foreldra skiptir gríðarlegu máli ásamt hvatningu og margvíslegum verkfærum til að þjálfa lestur og gera hann fjölbreyttari.

2. Tómskund- stefnt er að því að skipulagðar hreyfistundir innan skólans verði 5 daga vikunnar. Sund og íþróttir eru þrjú daga og til að ná fimm stundum fléttum við inn í stundatöflu nemenda 2 stundum í tómskund. Nemendur í 1.-7. bekk ná 5 hreyfistundum, 8.-10. bekkur nær 4 hreyfistundum. Tómskund er unnin í samstarfi við Hjólakraft, Höfrung og Simbahöllina.

Mikil áhersla er lögð á útivist og nær umhverfi. Við fáum gesti m.a. annars til að stýra íhugun og jóga. Ásamt hreyfingunni verður lögð áhersla á innri slökun og ró þar sem nemendur læra að sameina huga og líkama, hlusta á líkamann og beita honum á réttan hátt og kyrra hugann.

3. Námsmat- því hefur verið breytt samkvæmt nýjum viðmiðum aðalnámskrár. Innleiðing er komin vel á veg þar sem notast er við hæfniviðmið og einkunn gefin í bókstöfum á öllum stigum. Kennsluáætlanir og námsmat er unnið í mentor. Mikilvægt er að nemendur viti hvað er verið að meta og verði meðvitaðir um hæfni sína. Lesturinn er mældur í rétt lesnum orðum á mínútu og viðmið Menntamálastofnunar eru 4 það er: Uv=undir viðmiðum, V1=lágmarks viðmið, V2=almenn viðmið og V3=metnaðarfull viðmið.

4. Uppbyggingarstefnan-Unnið verður með viðmið og gildi sem skólinn hefur tileinkað sér að vinna eftir. Starfsfólk og nemendur vinna með þarfir sínar og jákvæða uppbyggingu til að verða betri útgáfur af sjálfum sér. Starfsfólk sækir námskeið og stefnan verður kynnt fyrir foreldrum. Öll stig gera bekkjarsáttmála sem er hafður að leiðarljósi til að allir geti sinnt hlutverkum sínum. Við vinnum með jákvæð samskipti og lærum að taka tillit til þarfa hvers annars. Umsjónarkennarar allra námshópa vinna með uppbyggingarstefnuna markvisst allan veturinn og halda bekkjarfundum. Vinna verður sýnileg sem minnir okkur á góð gildi og hjálpa okkur að láta okkur líða vel.

5. Að viðhalda jákvæðum skólabrag- með því að nemendur tileinki sér ákveðin gildi eins og samskiptahæfni, umburðarlyndi og virðingu. Nemendur læri að umgangast hvert annað í sátt og samlyndi. Allir sem koma að skólstarfi Grunnskólans á Þingeyri stuðli að jákvæðni með gagnkvæmri virðingu fyrir þeim sem að því koma. Mestu máli skiptir að nemendum líði vel í skólanum og þekki grunnþarfir sínar. Verkfæri uppbyggingarstefnunnar verða notuð ásamt bekkjarsáttmála, bekkjarfundum og öðrum verkfærum í verkfærakistu uppbyggingarstefnunnar í samþættingu við aðrar námsgreinar ásamt lífsleikni.

Einnig munum við leggja drög að forvarnaráætlun gegn einelti. Rannsóknir sýna að þær eru árangursríkastar ef þær hefjast snemma, áður en hegðunar,- og samskiptamynstur hafa náð að festast í sessi. Við ætlum að huga að hópunum sem heild og þjálfarar nemendur í félagsfærni og efla jafningja sambönd. Það gerum við með því að þjálfarar nemendur í samvinnu, málamiðlun og að leysa vandamál. Þessi færni er algjörlega nauðsynleg til að ganga vel félagslega í gegnum lífið (Vanda Sigurgeirsdóttir). Þrisvar sinnum yfir árið ætlum við að skoða og meta félagslegt samþykki.

Foreldrasamstarf / samvinna heimilis og skóla

- Með því að halda foreldrafundum í október. Fara yfir með foreldrum hvers er ætlast til af þeim í samstarfi heimilis og skóla til þess að vinna að öflugum skólstarfi. Vinna

saman að lausnum ef upp koma atvik sem þarf að leysa með upplýsingagjöf milli heimils og skóla, símleiðis eða mentor.is.

- Foreldraviðtöl, þar sem nemendur setja sér námsmarkið, persónuleg markmið og félagsleg markmið. Farið er yfir hvort markmiðum hefur verið náð og hvernig best er að að vinna að þeim.
- Einnig verða miðlar nýttir til að koma upplýsingum á framfæri til foreldra þannig að allir geti fylgst vel með starfinu innan skólans. Skólinn er með Facebook síðu: *Grunnskólinn á Þingeyri*. Þar verða birtar tilkynningar til foreldra en ekki er heimilt að miðla persónugreinandi upplýsingum á miðlinum og eldri myndum verða eytt. Allar fréttir og myndbirtingar fara fram á okkar góðu heimasíðu www.grthing.isafjordur.is

Tengsl skóla og umhverfis

- Það gerum við meðal annars með því að eiga í góðu samstarfi við Heilsuleikskólann Laufás t.d. með því að bjóða þeim og þiggja heimsóknir og aðra fræðslu (Brúum bilið). Með því að nýta umhverfi og nágrenni skólans til útikennslu sem og að heimsækja fyrirtæki og stofnanir. Vera í samvinnu við Blábankann.

Skólapúlsinn – sjálfsmat skólans

- Það gerum við með því að leggja fyrir kannanir Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Vinnum með niðurstöður og bætum það sem þarf að bæta og styrkjum það sem gott er.
 - Tengsla kannanir lagðar fyrir á öllum stigum, sem námsráðgjafi sinnir.




Gróðursetning í Yrkjureit skólans fyrir innan þorpið við rætur Sandafells, vor 2019

Niðurstöður um hvernig tókst til með markmið ársins

Í sjálfsmatskýrslu skólans kemur fram að ágætlega tókst að vinna að markmiðum skólans. En betur má ef duga skal og alltaf hægt að gera betur. Það er nefnilega þannig að grasið er grænna þeim megin sem maður vökvar það.

Aðalmarkmið skólaársins var að halda áfram að bæta námsárangur (sameiginlegt átak skóla í Ísafjarðarbæ „Stillum saman strengi“) og viðhalda jákvæðum skólabrag samhliða því að auka samstarf heimilis og skóla. Huga þurfti að stærðfræðikennslu í kjarna þar sem innlagnir áttu að verða markvissari. Auka stuðningur var við nemendur á miðstigi í stærðfræði ásamt stærðfræði átaki sem fól í sér að nemendur þjálfuðu atriði heima og í skóla líkt og í lestri. Læsisstefna bæjarins var gefin út á síðasta skólaári og miðar að þessum markmiðum. Þjálfun þeirra sem þurfa meiri stuðning verður sett meira á oddinn fyrir næsta skólaár ásamt því að gefa þeim sem hafa náð góðri færni verkfæri til að halda áfram og setja sér metnaðarfull markmið. Lagður var grunnur að stærðfræðistefnu. Kennarar hafa lagt vinnu í að móta og byggja ofan á vinnu og reynslu fyrri ára. Lesferill Menntamálastofnunar var settur í gang og nýttur sem verkfæri til að halda utan um lestrarpróf og fleira. Á mynd hér fyrir neðan má sjá niðurstöður lesferils í maí 2018 og niðurstöður 2019.





Aðalmarkmið skólaársins var að halda áfram að bæta námsárangur (sameiginlegt átak skóla í Ísafjarðarbæ „Stillum saman strengi“) og viðhalda jákvæðum skólabrag samhliða því að auka samstarf heimilis og skóla. Huga þurfti að stærðfræðikennslu í kjarna þar sem innlagnir áttu að verða markvissari. Auka stuðningur var við nemendur á miðstigi í stærðfræði ásamt stærðfræði átaki sem fól í sér að nemendur þjálfuðu atriði heima og í skóla líkt og í lestri. Þjálfun þeirra sem þurfa meiri stuðning verður sett meira á oddinn fyrir næsta skólaár ásamt því að gefa þeim sem hafa náð góðri færni verkfæri til að halda áfram og setja sér metnaðarfull markmið. Klára þarf að leggja grunn að stærðfræðistefnu í samvinnu við skóla bæjarfélagsins. Kennarar hafa lagt vinnu í að móta og byggja ofan á vinnu og reynslu fyrri ára. Lesferill Menntamálastofnunar var settur í gang og nýttur sem verkfæri til að halda utan um lestrarpróf og fleira sem klárlega er að virka því ánægja af lestri mælist hátt yfir landsmeðaltali í Skólapúlsinum.

Að viðhalda jákvæðum skólabrag tókst með ágætum að mati starfsfólks skólans ásamt því að niðurstöður Skólapúlsins komu vel út. Það skiptir miklu máli að nemendum líði vel í skólanum og viljum við gera allt sem við getum til að svo sé. Samkvæmt gestum sem koma inn í skólann er andinn mjög góður og styðjumst við við orðatiltækið „Glöggt er gests augað“. Skólastarfið er margbreytilegt og ekki alltaf hægt að koma til móts við þarfir allra alltaf en það er sannarlega markmið okkar ásamt því að kenna nemendum hverjar skyldur og hlutverk þeirra eru. Vellíðan í skólanum hefur aukist í takt við þær áherslur sem við leggjum upp með í skólanum. Einelti mælist samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins, en sem betur fer mælist það langt undir meðaltali. Við viljum samt ekkert einelti og því verður haldið áfram að leita leiða til þess að koma í veg fyrir það ásamt því að vinna áfram með þá þætti sem hafa skilað árangri. Það ætlum við að gera með því að vinna með eineltisáætlun, kynna hana reglulega, gera hana sýnilegri ásamt því að fara vel í skilgreiningu á einelti. Einnig ætlum við að vinna áfram með bekkjarsáttmála og bekkjarfundir. Ef upp koma mál verða þau rædd á fundum og passa verður upp á eftirfylgni og upplýsingagjöf. Einelti er ekki það sama og samskiptavandi,

mikilvægt er að aðstoða við að leysa öll vandamál svo þau þróist ekki í einelti og hrósa fyrir þá hegðun sem við viljum sjá. Vellíðan í skólanum hefur aukist í takt við þær áherslur sem við leggjum upp með í skólanum. Allt sem við veitum athygli vex.

Varðandi skóla og bekkjaranda er mikilvægt að samband nemenda og kennara sé gott og að nemendur finni að það sé agi í tímum. Ætlast er til að starfsmenn haldi áfram á sömu braut í vinnu sinni með nemendum og að þeir haldi áfram að eiga samræður við nemendur og minna á mikilvægi þess að hver og einn ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni hegðun. Halda þarf betur utan um agastjórnun á nemendum með hegðunarerfiðleika-það lögum við m.a. með Uppbyggingarstefnunni og samtali við foreldra. Við ætluðum að nota verkfæri frá Vöndu Sigurgeirs markvisst yfir árið en gerðum það ekki nægilega vel. Stefnum að því á næsta ári ásamt öfluglu hópefli.

Foreldrasamstarf gengur vel og sýna foreldrar nemenda mikinn áhuga á námi barna sinna. Foreldraviðtöl þar sem farið er yfir árangur og líðan ásamt því að setja sér markmið eru að skila sér og veita aðhald. Markvisst hefur verið unnið að því að minna foreldra á að þeir séu alltaf velkomnir í skólann til að ræða við starfsfólk og líta á starfið. Foreldrafærni námskeið fyrir 5 ára börn sem hefja skólagöngu haustið 2018 var haldið um miðjan maí í umsjón skólastjóra og umsjónarkennara yngsta stigs. Námskeiðið er inni í Brúum bilið áætlun sem m.a. er birt á heimasíðu skólans.

Markvisst var unnið með aðra þætti í starfsmarkmiðum fyrir utan Uppbyggingarstefnuna. Bekkjasáttmálar voru gerðir í hverjum námshópi en það er ekki nóg að gera hann að hausti án þess að rifja hann upp og bæta. Bókaður var gestafyrirlesari fyrir kennara og starfsfólk ásamt því að rætt var um að halda slíkan fund með foreldrum. Reynt var að halda fundinn þrisvar sinnum en hann féll niður vegna veikinda og veðurs í öll skiptin. Við viljum vinna markvissara með stefnuna og nýta okkur hana til að efla jákvæð samskipti og góð. Grunnskólinn á Ísafirði er að fara í slíka vinnu næsta skólaár sem við viljum taka þátt í. Þá á að raða niður verkefnum sem tengjast uppbyggingu á námshópa og gera áætlun eða nokkurs konar námskrá sem kennarar nota til að styðja verkefnið og skipulag.

Niðurstöður um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins

Áhersla var á margvíslega þætti í skólastarfinu. Sumt var hluti af sjálfsmati skólans, annað var unnið á lengri eða skemmri tíma sem umbóta og þróunarstarf innan skólans. Áfram var unnið með aukið samstarf heimils og skóla með áherslu á frekari upplýsingar á stöðu nemenda í námi sínu. Unnið var með nemendur og líðan þeirra í skólanum ásamt bættum skólabrag og bekkjaranda. Haldið var áfram að þróa breytingar á kennsluháttum í skólastarfi á öllum skólastigum. Aukin áhersla og úrvinnsla var á stöðu nemenda í námi sínu og lögð áhersla á að vinna eftir markmiðum. Í sameiginlegu átaki grunnskóla Ísafjarðarbæjar „Stillum saman

strengi” var áhersla lögð á að marka stefnu í íslensku og stærðfræði. Sú vinna er í fullum gangi en fjögur ár eru síðan átakið hófst. Stefnur hafa mótast og grunnur að öðrum orðið til.

Vel tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum. Skólinn er fámennur, hver og einn kennari hefur mörgum hlutverkum að gegna. Öðruvísi álag einkennir starf kennara í fámennum skóla. Veturinn einkenndist af miklu annríki og mjög mörgum verkefnum. Efla þarf lesskilning og vinna markvissara með hann í öllum greinum. Áhersla er lögð á að einstaklingar öðlist færni til að vinna saman og að hver og einn nýti hæfileika sína eins og kostur er (einstaklingsmiðun).

Eineltisáætlun var yfirfarin og birtist hún í starfsáætlun skólans ásamt því að vera birt á heimasíðu skólans. Á degi eineltis var áætlunin send á foreldra og forráðamenn í tölvupósti. Skólastjóri sýndi foreldrum hvar hana mætti finna á skólasetningu. Þurfum að vinna frekar að forvarnaáætlun skólans.

Foreldrar barna í Grunnskólanum á Þingeyri eru mun ánægðari með skólastarf á Þingeyri en gengur og gerist meðal foreldra grunnskólabarna. Það er 100% ánægja með stjórnun skólans og 100% ánægja er með eineltisáætlun skólans. Þegar kemur að velferð nemenda skorar skólinn allstaðar yfir landsmeðaltal og telja allir foreldrar sem þátt tóku í könnuninni að skólinn mæti þörfum nemenda og þeim líði vel í skólanum. Foreldrar eru ánægðir með aðstöðu í skólanum og mötuneytið. Þegar kemur að kaflanum um foreldrasamstarf þá er 100% ánægja með síðasta foreldraviðtal og foreldrar almennt mjög ánægðir með samstarfið, mun ánægðari en landsmeðaltal Skólapúlsins. Mikil og jákvæð þróun hefur verið í stuðningi foreldra við nám barna og væntinga um áframhaldandi nám. Í öllum þáttum í kaflanum um heimastuðning eru foreldrar að svara við landsmeðaltal eða yfir því. Starfsfólki finnst góður starfsandi á vinnustað og samvinna starfsfólks er um metnað fyrir hönd nemendanna. „Við þjónum með gleði til gagns“.

Eftirfarandi áætlanir eru hafðar að leiðarljósi og styðja og styrkja starfsfólk og birtast þær einnig í starfsáætlun:

- Forvarnaráætlun
- Rýmingaráætlun
- Áfallaáætlun
- Móttökuáætlun erlendra barna
- Jafnréttisáætlun
- Símenntunaráætlun

Ekki þurfti að grípa til allra þessara áætlana en vert að hafa þær uppfærðar og birta á heimasíðu skólans. Margt af því sem kemur fram í þeim fléttast inn í starfið í samþættingu við námsgreinar t.d. forvarnir og jafnrétti.

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda

Nemendur voru í upphafi skólaárs 32 talsins. Þrír nemendur fluttu til þorpsins í febrúar og jókst nemenda fjöldinn úr 32 í 35 nemendur.

Kennslan fór fram í þremur námshópum:

1., 2. og 3. bekkur mynduðu námshópin yngsta stig. 4., 5., 6. og 7. bekkur voru saman í námshópnum miðstig (gjarnan kallað „Meiriháttar miðstig“). Á elsta stigi voru nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Mikil samkennsla er við skólann. Nánari upplýsingar um skiptingu eftir aldri og kyni má sjá í töflu hér fyrir neðan. 8 nemendur voru/eru tvítyngd og 4 nemendur með annað móðurmál en íslensku. Taflan hér að neðan sýnir skiptingu nemenda eftir kyni og aldri.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls
2012	0	3	3
2011	4	1	5
2010	3	1	4
2009	2	3	5
2008	1	3	4
2007	0	1	1
2006	2	1	3
2005	3	1	4
2004	2	2	4
2003	0	2	2
			35

Taflan sýnir skiptingu nemenda eftir aldri og kyni

Forföll nemenda

Fjarvistardagar nemenda: 3 dagar/3 st.

Veikindadagar nemenda: 138 dagar/48 st.

Leyfis dagar nemenda: 186 dagar/78 st.

Seint: 67 st.

Leyfis dögum hefur fjölgað mjög mikið og hafa kennarar rætt um ábyrgð foreldra gagnvart námi í leyfi og nauðsyn þess að allir séu upplýstir um ábyrgð sína. Leyfi vegna ferðalaga með foreldrum og vegna íþróttakeppna hafa aukist.

Forföll kennara

8 starfsmenn voru í vinnu við Grunnskólann á Þingeyri í vetur. 5 menntaðir kennarar, 1 leiðbeinandi (íþróttir), skólastjóri og 2 almennir starfsmenn sem sinna blönduðum störfum stuðningsfulltrúa, skólaliða, húsvaðar og ræstinga.

Stöðugildi: 1 staða skólastjóra, 4,7 staða kennara og 1,8 staða almennra starfsmanna.
 Forföll eru greidd vegna veikinda, leyfa og annarra verkefna (félagsstörf, fundir og tæknimál).
 Greidd forföll: 53 ke.
 Veikinda dagar kennara: 43 dagar (29 dagar vegna langtíma veikinda).
 Veikinda dagar vegna veikra barna: 7 dagar.
 Önnur yfirvinna: 47 st.
 Forföll almennra starfsmanna: 3 dagar vegna flensu.

Kennslustundamagn

Skólanum voru úthlutaðar 127 kennslustundir. Úthlutun miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá. Inn í þessum tímafjölda eru einnig tímar fyrir sérkennslu, stuðning nýbúafræðslu. Skipti tímar í stundatöflum nemenda á yngsta stigi og miðstigi voru 6.

Niðurstöður samræmdra prófa

Í töflunni hér að neðan má sjá niðurstöður samræmdra prófa árið 2018-19 miðað við meðaltöl síðustu 5 ára í sviga fyrir aftan. Í vetur var farið að huga að breyttum kennsluháttum í stærðfræði þar sem niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum og talnalykli voru ekki nógu góðar á síðasta ári, sú vinna þarf að halda áfram. Umbætur og þjálfun á síðasta ári hafa skilað sér og halda þarf áfram á sömu braut.

Í töflunni hér fyrir neðan birtast niðurstöður samræmdra könnunarprófa á skólaárinu miðað er við meðaltöl síðustu fimm ára. Einnig er mjög góð samantekt á niðurstöðum prófanna í skýrslu um ytra mat sem var framkvæmt 2019 fyrir skólann. Meðaltalið er fyrir 3 ár í að þessu sinni þar sem 3 ár eru liðin síðan prófin voru rafræn. Tölurnar miðast við grunnskólaeinkunn/heild.

Bekkir	Íslenska (meðaltöl síðustu 3 ára)	Stærðfræði (meðaltöl síðustu 3 ára)	Enska (meðaltöl síðustu 3 ára)
4. bekkur	30 (34)	32 (34)	
7. bekkur	30 (26)	23 (21)	
9. bekkur	33(28)	28 (23)	33 (28)

Upplýsingar um keypta þjónustu

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk.

Upplýsingar um sjálfsmat

Ákveðin viðmið sem skólunum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnu eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera markmiðsbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað og byggt á áreiðanlegum upplýsingum. Það þarf að leiða til umbóta og vera opinbert.

Grunnskólinn á Þingeyri tók þátt í nemenda-, og starfsmannakönnun Skólapúlsins. Og byggist sjálfsmat skólans á niðurstöðum þeirra kannana ásamt tveimur greinum gæðagreinis sem er nýtt innra mats kerfi sem vinna hófst með í vetur. Umbætur var ýmist farið í strax í kjölfarið eða ákveðið að gera það frá og með næsta skólaári. Skólinn var tekinn út í ytra mati Menntamálstofnunar í lok mars. Skýrsla er að verða klár til birtingar og unnin verður úrbótaáætlun út frá henni skólaárið 2019-20.

Gæðagreinar

Gæðagreinar er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu How Good Is Our School. Árið 1999 var skoska matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt Gæðagreinar í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa Skotanna af sjálfsmatskerfinu, How good is our school 3, the journey to excellence, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá Gæðagreinar 2. Skotarnir uppfærðu sjálfsmatsefnið enn á ný og gáfu út í september 2015, sú útgáfa kallast How good is our school, 4. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni og gaf út íslensku þýðinguna „Hversu góður er grunnskólinn okkar?“ sem grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið leyfi til að nota og notið leiðsagnar frá starfsfólki Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar við innleiðinguna.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu í nýjustu útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti.

Framkvæmd sjálfsmats skólaárið 2018-2019

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs þeirra að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. (Lög um grunnskóla nr 91, frá 2008)

Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólki skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert.

Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftár á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir bæði á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir. Skólarnir hafa einnig ákveðið að nota matskerfið Gæðagreina til að meta fjölmarga þætti í starfi sínu.

		Matstæki	Meginspurningar
B	Starfsáætlun	Viðmið í aðalnámskrá	Uppfyllir starfsáætlun viðmið aðalnámskrár? Er starfsáætlun lýsandi fyrir skólastarfið?
C	Nám, námsárangur og námsmat	Lesferill, samræmd próf, gæðagreinar, 3.1 talnalykill	Eru framfarir nemenda í takti við landsmeðaltal? Eiga allir nemendur samtal um tilgang náms og framfarir við starfsfólk skólans? Íhuga kennarar námsframvindu nemenda reglulega?
D	Nemendur, líðan og þarfir, starfsandi, samskipti, samstarf og félagsstarf	Skólapúls, gæðagreinir 3.1, tengslakannanir	Hvernig líður nemendum í skólanum? Hvað einkennir samskipti nemenda?
F	Starfsfólk, starfshættir, endurmenntun, líða, þarfir, starfsandi og samskipti	starfsmannasamtöl, starfsmannakönnun skólapúlsins	Hvernig líður starfsmönnum á vinnustaðnum, hafa þeir tækifæri til að þróa starfs sitt?
H	Viðmót og menning skóla, jafnrétti	Gæðagreinir 3.1, skólapúls	Hvernig lýsir áhersla á velferð og jafnrétti sér í skólastarfinu?
K	Ytri tengsl, tengsl við önnur skólastig, tengsl við nærsamfélagið	Gæðagreinir 2.7, skólapúls, foreldraþing	Tengjumst við öðrum skólum í okkar umhverfi? Hversu vel nýtum við umhverfi okkar til að efla tilfinningu nemenda fyrir því að þeir tilheyri samfélagi?

Gæðagreinar

Á yfirstandandi skólaári var ætlunin að vinna með þrjá gæðagreina, en við unnum með tvo. Hver gæðagreinir samanstendur af 10-15 spurningum og matsviðmiðum. Vinnan fór í öllum tilvikum þannig fram að starfsmönnum var skipt í 2 hópa og ræddi hvor hópur fyrir sig um sameiginlega einkunnagjöf fyrir hvern matsþátt. Báðir hóparnir komu svo saman og ræddu sig að sameiginlegri niðurstöðu. Slíkt verklag leiðir til mats byggðu á rökstuðningi sem allir starfsmenn skilja. Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru meðaltalsniðurstöður hvers matsþáttar byggðar á einkunnagjöf hópanna við hverja spurningu. Matsþáttur 2.3 verður að fara fram næsta haust ásamt þeim sem koma fram í áætlun til fimm ára um innra mat. Með þessari vinnu erum við að efla innra mat sem okkur er gert að gera umbætur á í ytra mati sem var framkvæmt í lok mars 2019 af Menntamálastofnun.

Yfirlit gæðagreina

Gæðagreinir	Meðaltalseinkunn
2.3 Nám, kennsla og námsmat	0
3.1 Velferð, Jafnrétti og skóli án aðgreiningar	3,7
2.7 Samstarf	4,6

3.1 Velferð, Jafnrétti og skóli án aðgreiningar

Jákvæð samskipti heimilis og skóla, samvinna og samstarf. Innan veggja skólans og við leikskólann (Brúum bilið).

Veikari hliðar snúa að tengingu og að efla vinnu með nærsamfélaginu (atvinna og fl.). Skerpa á hlutverkum og ábyrgð.

Mikilvægast að efla samstarf hvers skólastigs og nærsamfélagið auk heimillanna. Halda áfram að efla jákvæð samskipti.

Meðaltalsmat úr þessum gæðagreini var 3,7.

2.7 Samstarf

Sterkar hliðar eru að við hugsum um velferð út frá hverjum einstaklingi og höfum sameiginlegan skilning á velferð og öryggi. Virk hlustun, jákvæðni, vilji, góður skólabragur og símenntun.

Þurfum að bæta bekkjarnámskrár og námskrá sérstaklega í trúarbragðafræði, eignast úti stofu (útinám), kynna gæðagreina fyrir foreldrum og nemendum. Einnig fannst okkur að við þyrftum að rifja upp lög, reglur og sáttmála með nemendum og á starfsmannafundum.

Mikilvægustu þættir eru góður skólabragur og samvinna starfsfólks. Velferð, öryggi og jafnrétti.

Meðaltalsmat úr þessum gæðagreini er 4,6.

Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar/viðgerðir

Bæta þarf viðhald á öllu húsnæðinu bæði innan og utan dyra. Þak lekur í miðju rými sem tengir Þinghús og „nýju“ byggingu saman. Elsti hluti skólans er 121 árs á skólaárinu og vert að huga að því að halda honum áfram við. Starfsmannarými voru máluð í hitti fyrra og ný salernisaðstaða var gerð fyrir starfsmenn í gamla kjallaranum. Huga þarf áfram að lokuðum skápum í mynd,- og handmenntastofu þar sem vinnueftirlitið hefur gert athugasemdir við núverandi aðbúnað. Skólalóðin er í einstaklega góðum málum en það þarf að huga betur að „andliti“ skólans og gera umhverfið fyrir framan skólann huggulegra og í leiðinni snyrtilegra ásamt því að komið er að því að skólinn verði málaður að utan. Einnig þarf að huga að vatnsrennum og þaklistum sem fóru að fjúka í vondum veðrum í vetur. Snyrtilegra aðgengi dregur úr viðhaldi og þrifum innan dyra. Nánari upplýsingar um viðhald og endurnýjun má sjá í töflu hér fyrir neðan.

	Verk /viðhaldsvinna	Skýring	Annað/forgangur
1.	Laga skemmdir á klæðningu og þaki	Á nokkrum stöðum eru göt á bárujárnsklæðningu. Þarf að yfirfara þakið á nokkrum stöðum það lekur og hefur gert í mörg ár. Plötur orðnar lausar og músagangur	Forgangur 1
2.	Útihurðir og þakrennur	Útihurðir farnar að vinda sig og eru óþéttar. Myndi spara hita kostnað að laga þær. Þakrennur ónýtar.	Forgangur 2
3.	Skóli málaður að utan	Gluggar og steypdur grunnur þarf að mála til að viðhalda	Forgangur 3
4.	Bæta umhverfi skólans, sérstaklega að framanverðu.	Ganga frá svæði við aðal inngang, hellur og blómaker.	Forgangur 4
5.	Skóli málaður að innan	Þinghús og anddyri	Forgangur 5
6.	Úrbætur á skólalóð, viðhald (bera á tréverk)	Lagfæringar á marki, ljóskastara og breyta hæð á körfuboltahringjum.	Forgangur 6
7.	Veggskápar í handavinnustofu	Vinnueftirlit vill að efni og garn sé í lokuðum skápum í stað opinna hillna. Léttara andrúmsloft ástæða.	Forgangur 7
8.	Gardínur	Setja þarf gardínur í heimilisfræðistofu vegna sólar og hita. Athuga með smíðastofu	Forgangur 8

9.	Vifta í heimilisfræðiaðstöðu	Viftu vantar í eldhús til þess að bæta loftgæði, sérstaklega þegar kennsla á sér stað	Forgangur 9
10.	Gólf – bónvinna skipulögð	Það þarf að fara huga að því að leggja nýja gólfdukk á sal, nemendaeldhúsi, bókasafni,	Forgangur 10

Endurnýjun, viðbót vegna kennslu
Náttúrufræðiskáp
Gúmmí sessur/kúluboltastólar og kollur f. nemendur
Jógadýnur
Hækkanleg borð til að geta staðið við vinnu 3 stk. T.d. til að vinna við spjaldtölvu og fl.
Áhöld í eldhús
Gardínur í smíðastofu
Gardínur í heimilisfræðistofu
Vinnulýsingu í kennarastofum

Upplýsingar um stórar fjárfestingar

Lögð var áhersla á í síðustu ársskýrslu að nauðsynlegt væri að fara í fjárfestingar á almennu viðhaldi skólahúsnaðis, sú áhersla heldur sér. Um er að ræða málningarvinnu innanhúss og að utan. Fyrirhugað var að skipta um þak á millibyggingu sem er búið að leka í mörg ár sem er farin að skemma út frá sér á nokkrum stöðum vegna raka og vatnsskemmda síðasta sumar og svo aftur þetta sumar. Það verður ekki gert vegna annarra verkefna sem talin eru nauðsynlegri hjá bænum. Einnig þarf að huga áfram að endurnýjun á húsgögnum og má þar nefna stóla fyrir alla nemendur á hjólum. Búið er að panta nýja stóla og borð fyrir nemendur á elsta stigi. Hugsa þarf að athugun um myglu þar sem þak á milli byggingu hefur lekið til fjölda ára. Mjög mikilvægt að gluggar og tréverk fái málningu á næsta ári. Á næstu misserum þarf ef til vill að fara að huga að breytingum sem snúa að sameiningu leik,-og grunnskóla í þorpínu.

Fjárhagsáætlun

Staða fjárhags í sveitastjóra 25. júní 2019:

Hreyfing: 44.707.655 kr. **Áætlun:** 47.018.723 kr. **Mismunur:** 2.311.068 kr.

Lýkur hér yfirferð á helstu atriðum á 121. starfsári Grunnskólans á Þingeyri. Samantektin er ekki tæmandi en góð viðbót við heimildir um skólastarfið skólaárið 2018-2019.

Erna Höskuldsdóttir, skólastjóri.